

Lífsleikni – þrep 3

Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindinum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
Áttað sig á samhengi orða, athafna og afleiðinga og bent á leiðir til úrbóta.
Rökrætt viðfangsefni hverju sinni og notað valin hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsleg málefni.
Aflað sér upplýsinga um tiltekin viðfangsefni og metið heimildir og ólík sjónarhorn og gert sér grein fyrir ábyrgð heimilda.
Bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu. Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs síns og annarra.

Rökrætt gildi jákvæðra og neikvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.

Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspækingar.

Bent á fyrirmyndir sem eru áhrifavaldar, vegið og metið áhrif þeirra og hvernig vinna megi með þau á ábyrgan hátt.

Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.

Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.

Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu í jafningjahópi.

Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.

Sýnt sanngirni og ábyrgð í samskiptum við aðra.

Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.

Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins.

Útskýrt hugtökin kyn, kynhneigð og kynhlutverk og hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmýnd.

